

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-123/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa. Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi: „Ágreiningsefni er skilmálar í stöðluðum fjarsölusamningi sem telst vera samþykktur þegar kortið er notað í fyrsta skipti. Sá skilmáli í samningnum sem tilgreinir að uppsögn verði að berast meira en 2 mánuðum áður en árssamningur er liðinn annars verði rúkað fyrir annað ár. Ég var með kort í ár og stóð aldrei til að hafa það lengur. Svo þegar ég ætlaði að segja því upp sá ég að það var búið að draga árgjald fyrir næsta ár af kortinu mínu. Krafa mín er sú að ég fái endurgreitt árgjaldið sem var dregið af kortinu mínu vegna þess að ég sagði því ekki upp nógu snemma.“

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Það er ljóst að ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu kortafyrirtækis. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hverrar þjónustu lögin ná og segir um það eftirfarandi í 1. gr. laganna:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum þykir kæruneftndinni ljóst að kaup á þjónustu kortafyrirtækis falla ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kærunefndin telur rétt að benda álitsskiptum á að starfrækt er sérstök nefnd sem tekur á málum er varða ágreining á milli fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra, Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Kærunefndin getur hins vegar ekki tekið afstöðu til þess hvort sú nefnd telur þann ágreining sem hér er til umfjöllunar vera á valdsviði sínu. Nefnd þessi er vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu.

III

Álitsskipti

Álitsskipti X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir